

## Minnisblað

Harðar Helga Helgasonar  
til Starfshóps um hagnýtingu internetsins og réttindavernd netnotenda  
24. september 2015

### *Rafræn staðfesta*

#### Hugmyndin

Á 138. löggj.þ. Alþingis var lögð fram tillaga til þál. um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis, þskj. 688. Með tillögunni var lagt til að Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni „að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð.“ Í upphafi greinargerðar með tillögunni segir að í greinargerðinni verði „farið yfir þá þætti sem meta þarf í þeim tilgangi að skapa öruggt lagaumhverfi til þess að hugsjónin um að gera Ísland að miðstöð tjáningarfrelsis geti orðið að veruleika.“ Var mennta- og menningarmálaráðherra falið að upplýsa Alþingi um framfylgd verkefna innan Stjórnarráðsins samkvæmt ályktuninni á þriggja mánaða fresti.

Meðal slíkra þátta sem taldir eru upp í greinargerðinni er „Rafrænt aðsetur á Íslandi“. Segir um þann þátt m.a. að flutningsmenn telji rétt að „kannað verði vandlega hvernig því verði við komið að alþjóðlegir fjölmiðlar og samtök geti flutt rafrænt aðsetur sitt hingað til lands“. Segir í greinargerðinni að fyrirmyndina að því sé að finna í Vermont-ríki í Bandaríkjunum, þar sem í gildi séu lög um stofnun og rekstur „sýndarfyrirtækja“ (e. Virtual Limited Liability Company). Þá segir að áður en slíku lagaumhverfi yrði komið á þyrfti m.a. að skoða þær reglur sem gilda hér um starfsemi fjölmiðla á Netinu, með hliðsjón af alþjóða- eða fjölþjóðasamningum, svo sem EES-samningnum. Jafnframt þurfi að huga að ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög og fjölmiðla. Loks segir í greinargerðinni um þetta efni að þegar gerðar hefðu verið nauðsynlegar lagabreytingar „gætu fjölmiðlar og samtök tekið ákvörðun um að flytja hingað til lands rafrænt aðsetur með rafræna útgáfu í huga enda er hún ekki háð staðsetningu að öðru leyti. Þar með gætu þessir aðilar fallið undir þá vernd sem með tillögunni er lagt til að eigi við um aðila sem hafa aðsetur hér á landi“.

#### Stýrihópurinn

Framangreind þingsálytkunartillaga var samþykkt, með nokkrum breytingum, þann 16. júní 2010. Hins vegar fylgdi engin fjárveiting þingsályktuninni. Samt sem áður fór fram skoðun á málinu innan ráðuneytisins í kjölfar samþykktar

ályktunarinnar og kom ráðuneytið á bændingum á framfæri við m.a. þáverandi iðnaðarráðuneyti, dóms- og mannréttindaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Ríkislögreglustjóra, Póst- og fjarskiptastofnun og samgönguráðuneyti, auk samninganefndar íslenskra stjórnvalda um inngöngu í Evrópusambandið. Loks gerði ráðherra grein fyrir stöðu málsins í minnisblaði til ríkisstjórnar dags. 14. janúar 2011 og að ekki yrði frekar unnið að því frkar nema til kæmi verkefnaráðning starfsmanna og til þess þyrfti fjárveitingu.

Í lok árs 2011 var samþykkt að veita fjárveitingu til ráðuneytisins til vinnslu á ályktuninni. Í kjölfarið ákvað ráðherra að skipa stýrihóp um verkefnið og var það gert með bréfi dags. 3. maí 2012. Í skipunarbréfi var hópnum falið að skila tillögum sínum, þ.e. greinargerð með umfjöllun um helstu álitæfni og „stefnumörkun fyrir helstu efnisþætti nauðsynlegra lagabreytinga“ eigi síðar en 1. maí 2013 og yrði heildstætt frumvarp samið í kjölfarið í ráðuneytinu.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2014 var ekki veitt frekara fé til þessa verks en sú fjárveiting fékkst í fjárlögum fyrir árið 2015. Því til samræmis skipaði ráðherra nýjan stýrihóp 16. febrúar sl. Í kjölfarið skipti stýrihópurinn viðfangsefni sínu í níu verkefni og setti sér að ljúka þeim á þeim tíma sem fjárheimild væri til verksins, þ.e. til ársloka þessa árs. Þá tilnefndi ráðherra formann stýrihópsins í starfshóp um mótun stefnu um kjöraðstæður fyrir hagnýtingu internetsins og réttindavernd netnotenda. Tilgangur tilnefningarinnar var að tryggja skilvirka verkaskiptingu milli stýrihópsins og starfshópsins.

Eitt þeirra níu verkefna sem stýrihópurinn tók til skoðunar er framangreind rafræn staðfesta fyrirtækja. Lét stýrihópurinn vinna hjál. minnisblað um staðfestu erlendra fjölmiðlafyrirtækja m.t.t. ákvæða laga um fjölmiðla. Að lokinni skoðun sinni komst stýrihópurinn að þeirri niðurstöðu að í stað þess að nálgast þetta viðfangsefni einungis út frá tjáningarfrelsi og staðfestu fjölmiðlafyrirtækja væri æskilegt að skoða málið út frá þeim möguleikum sem í því felast út frá hagnýtingu Netsins. Því ákvað hópurinn að bera það undir starfshópinn. Þetta minnisblað þjónar þeim tilgangi.

## Fyrirmyndin

Við skoðun sína á þessu verkefni leit stýrihópurinn m.a. til þingsályktunartillögunnar frá 2010. Eins og að framan greinir segir í athugasemdum við hana að fyrirmyndina að því sé að finna í Vermont-ríki í Bandaríkjunum, þar sem í gildi séu lög um stofnun og rekstur „sýndarfyrirtækja“ (e. Virtual Limited Liability Company). Sem heimild um það er í tillögunni vísað til „laga um stofnun og rekstur sýndarfyrirtækja, gilda í Vermont-ríki (e. Virtual Limited Liability Company). [vermontvirtual.org/Main\\_Page](http://vermontvirtual.org/Main_Page)“. Það vefsetur virðist hafa verið stofnað á árinu 2008 en tekið niður á árinu 2011. Þar er nú enga vefsíðu að finna.

Niðurstaða skoðunar stýrihópsins er að þau lög sem um ræðir séu lög Vermont ríkis nr. 190 (H.888) frá 6. júní 2008 sem bera heitið „An Act Relating to Miscallenous Tax Amendments“. Í greinum 74-100 í þeim lögum voru lögfest ákvæði frumvarps H.458, sem ber heitið „An Act Relating to Digital Corporate Transactions“. Með lögunum eru gerðar breytingar á tveimur ákvæðum í 21. kafla í hluta 11 af ríkislöggjaf Vermont, sem fjallar um hlutafélög (e. Limited Liability Corporations) og á fjölda ákvæða í hluta 11A löggjafarinnar, sem fjallar um fyrirtæki (e. Vermont Business Corporations).

## Verkefni starfshópsins

Eins og að framan greinir telur stýrihópurinn að þetta verkefni eigi betur heima hjá starfshópnum, enda lýtur sú löggjöf sem þingsályktunin frá 2010 fjallar um að hlutafélögum almennt en ekki að tjáningarfrelsi ea fjölmiðlafyrirtækjum. Ávinningur af félagiformi sem heimilar rafræna staðfestu snýr því fremur að hagnýtingu Netsins almennt.

Kjósi starfshópurinn að taka upp þetta verkefni virðist sem það megi brjóta niður í eftirtalda verkþætti:

1. Afla nákvæmra upplýsinga um framangreinda löggjöf Vermont ríkis um rafræna staðfestu.
2. Kanna hvort aðrar fyrirmyndir sé að finna um félagiform af þessu tagi.
3. Bera lagaákvæði í fyrirmyndunum saman við íslenskt réttarástand, eftir því sem tók eru á, takandi tillit til þess að félagalöggjöf í erlendum ríkjum kann að stofni til að vera verulega frábrugðin íslenskum lögum um það efni.
4. Greina hvaða hagræði – ef nokkuð – er af hinni erlendu löggjöf umfram það sem er að finna í íslenskum félagalögum.
5. Semja drög að frumvarpi um lagabreytingar til að ná fram hinu greinda hagræði.

Að óreyndu má lauslega áætla að alls geti verið um að ræða verk sem geti tekið 1-2 mánuði að fullvinna.

# Minnisblað um hugmyndir um rafrænt aðsetur erlendra fjölmiðla á Íslandi

**Dagsetning: 28. maí 2015**

**Frá: Elfu Ýri Gylfadóttur**

**Til: Stýrihóps**

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011 byggja á hljóð- og myndmiðlunartilskipun Evrópusambandsins 2010/13/ESB en gildissvið tilskipunarinnar tekur til hljóð- og myndmiðla (ljósvakamiðla) í aðildarríkjum EES-svæðisins.

Fjölmiðlaveitur þurfa að lúta fjölmiðlalöggjöf þess ríkis sem hefur lögsögu yfir þeim, þ.e. þar sem þær eru skráðar með staðfestu. Nefna má dæmi um bandarísku myndveituna Netflix Inc. sem í janúar flutti staðfestu sína frá Lúxemborg til Hollands og heyrir því undir hollenska fjölmiðlalöggjöf. Þá eru dæmi um að erlendar sjónvarpsstöðvar hafi skráða staðfestu í Bretlandi og lúti breskri fjölmiðlalöggjöf, þótt efni þeirra sé beint að íbúum annarra ríkja.

Fjallað er um lögsögu íslenska ríkisins í 4. gr. laga um fjölmiðla en ákvæðið byggir á 2. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Í 1. mgr. 4. gr. laga um fjölmiðla segir að íslenska ríkið hafi lögsögu yfir þeim fjölmiðlaveitum sem miðla myndefni og hafa staðfestu á Íslandi. Slíkur aðili telst hafa staðfestu hér á landi að einhverjum eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

- a. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi og ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar hér á landi,
- b. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki, eða öfugt, að því tilskildu að verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfi hér á landi,
- c. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki og verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfar í báðum ríkjum, eða
- d. þegar hann hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni og aðra þætti sem lúta að ritstjórn eru teknar í öðru ríki, eða öfugt, og verulegur hluti starfsliðs við myndmiðlunina starfar í hvorugu þessara ríkja, og viðkomandi hefur hafið útsendingar samkvæmt útvarpsleyfi sem veitt var með stoð í íslenskum lögum og haldið stöðugum og virkum tengslum við íslenskt efnahagslíf.

Þá segir í 2. mgr. 4. gr. að íslenska ríkið hafi jafnframt lögsögu yfir þeim fjölmiðlaveitum sem miðla myndefni og hvorki hafa staðfestu hér á landi samkvæmt ákvæði 1. mgr. né í öðru EES-ríki ef þær uppfylla annað eftirfarandi skilyrða:

- a. nota jarðstöð sem staðsett er hér á landi til sendingar merkis í gervitungl, eða
- b. nota flutningsgetu gervitungls sem tilheyrir Íslandi ef ekki er notuð jarðstöð sem staðsett er í öðru EES-ríki til sendingar merkis í gervitungl.

Loks segir í 3. mgr. 4. gr. að komi upp vafi um það hvort fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni heyri undir lögsögu íslenska ríkisins eða annars EES-ríkis, og ekki reynist unnt að skera úr um það á grundvelli 1. eða 2. mgr., skuli úr því leyst á grundvelli ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. sérstaklega 2. kafla III. hluta samningsins um staðfesturétt.

Eins og áður hefur verið nefnt byggir ákvæði 4. gr. laga um fjölmiðla á 2. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar Evrópusambandsins. Tilskipunin tekur eingöngu til hljóð- og

myndmiðla, þ.e. svokallaðra ljósvakamiðla. Gildissvið laga um fjölmiðla er víðtækara en gildissvið tilskipunar 2010/13/ESB að því leyti að lög um fjölmiðla taka, auk ljósvakamiðla, til útvarpsstöðva, prentmiðla og vefmiðla. Um þetta má vísa til 3. gr. laga um fjölmiðla segir að löggin gildi um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur með staðfestu hér á landi sem miðla efni handa almenningi hér á landi, að teknu tilliti til ákvæðis 4. gr.

Eins og löggjöf er háttað, með vísan til gildissviðs laga um fjölmiðla, yrðu alþjóðlegir fjölmiðlar og samtök sem hefðu áhuga á því að flytja rafrænt aðsetur hingað til lands, með rafræna útgáfu í huga, að uppfylla skilyrði 4. gr. laga um fjölmiðla til að teljast hafa staðfestu hér á landi. Þar með talið skilyrði um aðalskrifstofu og ákveðna starfsemi hér á landi.